



**266. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 31. maí 2018 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Úlfur H. Hróbjartsson, Örn Andrés�on og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri.**

**Forföll: Ása Ólafsdóttir, Jón Finnbogason og Viðar Garðarsson.**

**Forseti setti fundi og stýrði honum.**

**Dagskrá:**

### **1. Ólympísk málefni**

Örn Andrés�on formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ skýrði frá því helsta úr starfi sviðsins.

*YOG Buenos Aires 2018*

Undirbúningur fyrir Ólympíuleika ungmenna í Buenos Aires í október nk. gengur vel. Mögulegt er að vinna sér inn þátttökurétt á leikunum til ágústloka. Haldinn var undirbúningsfundur 4. maí sl. með þeim sem eru á forskráningarlista.

*EYOF – Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2019*

Beðið er eftir frekari upplýsingum frá skipuleggjendum, bæði sumar- og vetrarhátíðar.

*Evrópuleikarnir í Minsk 2019*

Fundur aðalfararstjóra verður haldinn í júlí nk. og mun sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ sækja fundinn.

*Smáþjóðaleikar 2019 og ÓL í Tókýó 2020*

Rætt um undirbúning fyrir ofangreind verkefni. Samþykkt að starfsmenn Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ taki saman minnisblað um þessi tvö stóru verkefni og líklegan fjölda þátttakenda. Samþykkt að koma á framfæri við íslenska fjölmiðla upplýsingum um World Press Briefing fund sem haldinn verður í Tókýó í september nk. vegna Ólympíuleikanna 2020.

*World Beach Games*

Ólíklegt þykir að ÍSÍ sendi þátttakendur á leikana en samþykkt að kynna leikana fyrir sérsamböndum þeirra íþrótta sem keppt verður í á leikunum.

Örn greindi frá fyrirkomulagi styrkja Ólympíusamhjalparinnar vegna undirbúnings afreksíþróttafólks fyrir Ólympíuleikana í Tókýó árið 2020.

### **2. Fagsvið ÍSÍ**

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá því helsta úr starfi sviðsins. Hann kynnti drög að bæklingi með upplýsingum um íþróttahreyfinguna til kynningar og hvatningar fyrir innflytjendur um þátttöku í starfi hreyfingarinnar.

Þráinn skýrði frá fyrirhugaðri ráðstefnu verkefnisins Sýnum karakter sem ráðgert er að halda 2. nóvember nk.

Rætt um undirbúning fyrir ráðstefnu ÍSÍ um skipulag íþróttahreyfingarinnar, sem fyrirhuguð er 16. nóvember nk.

Verið er að vinna jafnréttisáætlun í samstarfi við Jafnréttisstofu og unnið er að uppfærslu á Siðareglum ÍSÍ í samstarfi við siðfræðing.

Hafsteinn Pálsson úr fagraði Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Þátttaka í verkefninu Hjólað í vinnuna var minni í ár en síðasta ár og má rekja það meðal

annars til veðurfars en úrkoma í maímánuði var í sögulegu hámarki. Að öðru leyti tókst verkefnið vel til og var fjölmenni viðstatt afhendingu verðlauna við lok verkefnisins. Hann minnti á Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ sem haldið verður 2. júní nk. um land allt. Samkomulag hefur verið undirritað við Umf. Stjórnuna í Garðabæ um framkvæmd hlaupsins í Garðabæ til ársins 2020.

### 3. Ársreikningur ÍSÍ

Gunnar Bragason gjaldkeri greindi frá því að verið sé að ljúka við uppsetningu og endurskoðun á ársreikningi ÍSÍ 2017. Hann fór yfir helstu niðurstöðutölur ársreikningsins. Hagnaður var á rekstri sambandsins.

Búið er að leggja mikla vinnu í breytingar á framsetningu reikningskilanna frá því sem verið hefur fyrri ár. Helst er um að ræða ítarlegri sundurliðun á tekjum og gjöldum í rekstrarreikningi aðalsjóðs ÍSÍ og ítarlegri skýringar gerðar. Breytingin var gerð til að auka skýringargildi ársreikningsins.

Ársreikningur verður lagður fram á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

Lagt fram uppgjör fyrstu fjögurra mánaða ársins 2018 í rekstri ÍSÍ. Reksturinn er í góðu jafnvægi.

### 4. Breyting á Reglugerð ÍSÍ um heiðursveitingar

Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSÍ lagði fram tillögu Heiðursráðs ÍSÍ til breytinga á Reglugerð ÍSÍ um heiðursveitingar. Lagt er til að fella úr reglugerðinni allan texta um Ólympíumerki ÍSÍ. Fjórði töluliður í 2. grein fellur út og öll 6. grein. Töluliðir breytast með hliðsjón af niðurfellingu 6. greinar. Veiting merkisins hefur aldrei komið til framkvæmda og í ljósi þess að allir þátttakendur á Ólympíuleikum fá viðurkenningu frá Alþjóðaólympíunefndinni og framkvæmdaraðilum leikanna þá telur Heiðursráð þessa viðurkenningu óþarfa.

Tillagan samþykkt.

### 5. Stefnumótandi áætlanir í samræmi við lög um opinber fjármál

Framkvæmdastjóri greindi frá því að skrifstofustjóri og gjaldkeri hafi sótt vinnustofu Stjórnarráðsskólans og fjármála- og efnahagsráðuneytisins um gerð stefnumótandi áætlana í samræmi við lög um opinber fjármál. Samkvæmt 31. grein laganna skulu ríkisaðilar á hverju ári móta stefnu fyrir starfsemi sína fyrir a.m.k. þrjú ár. Í stefnunni skal m.a. greina frá markmiðum og almennum áherslum og hvernig þeim verði náð með tilliti til ætlaðra fjárveitinga. Gera skal grein fyrir mælikvörðum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar mati á árangri starfseminnar og niðurstöðum slíks mats fyrir næstliðið ár.

Samþykkt að formenn fagsviða ÍSÍ ásamt framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra og gjaldkera leggi fram drög að ofangreindri stefnu.

### 6. Persónuvernd

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála vegna nýrrar löggjafar um persónuvernd og greindi frá því að gengið hafi verið að tilboði Advice um ráðgjöf við hlítingu á persónuverndarlögum (GDPR). Svavar H. Viðarsson hefur yfirumsjón með verkinu af hálfu Advice. Unnið er að leiðbeinandi efni fyrir sambandsaðila um málefnið.

Nefndasvið Alþingis hefur óskað eftir umsögn frá ÍSÍ um frumvarp að nýrri löggjöf. Skrifstofu falið að gera drög að svari.

### 7. Erindi Bocciafélags Akureyrar

Forseti fór yfir erindi félagsins sem óskað hefur eftir úrskurði frá ÍSÍ skv. 6. grein laga ÍSÍ á lögmati synjunar Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA) á umsókn félagsins um aðild að

bandalaginu. Óskað var eftir álitni laganevndar ÍSÍ og kemur álit nefndarinnar fram í 3. fundargerð laganevndar frá 5. apríl sl. Rökstuðningur ÍBA á synjuninni liggur einnig fyrir.

Úrskurði í málinu frestað á meðan frekari málgagna er aflað frá ÍBA.

## **8. #metoo**

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að starfslok starfshóps ráðherra væru áætluð nú um mánaðamótin maí - júní. Ása Ólafsdóttir, fulltrúi ÍSÍ í starfshópnum, mun skýra betur frá starfi nefndarinnar á næsta fundi.

## **9. Heiðranir**

Engar tillögur til heiðrana lágu fyrir fundinum.

## **10. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og samþykktar:

- 265. fundur framkvæmdastjórnar
- 7. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2018
- Laganevnd frá 5. apríl og 8. maí 2018
- Skýrsla Þórarins Alvars Þórarinssonar frá fundi formanna og framkvæmdastjóra Ólympíuakademía, 6.-13. maí sl. í Grikklandi

## **11. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## **12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Dagsetning næsta fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður ákveðin síðar.

## **13. Önnur mál**

### *Aðalfundur GSSE*

Forseti skýrði frá aðalfundi GSSE, sem fram fór í Budva í Svartfjallalandi 24.-26. maí sl. Þar var tillaga tækninevndar GSSE að breytingum á tæknireglum leikanna samþykktar. Ákveðið var að endurskoða lög GSSE og taka þau til umfjöllunar á aðalfundi GSSE á næsta ári.

### *Skil á starfsskýrslum – Keppnisbann*

Framkvæmdastjóri fór yfir skil á starfsskýrslum til ÍSÍ. Örfá félög eiga eftir að skila en hafa samið um stuttan frest. Ekki er áætlað að til keppnisbanns komi vegna vanskila á þessu skilatímabili.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Líney Rut Halldórsdóttir, fundarritari